

Borgarráð

### ***Viðaukar við fjárhagsáætlun 2018***

#### **1. Kjarasamningsbundnar launahækkanir vegna samnings við Ás styrktarfélag (VEL)**

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs (VEL) hækki um 51.969 þkr. vegna samnings við Ás styrktarfélag. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og færirst á kostn.st. F4120 og F4440 á velferðarsviði.

| Svið | Kostn.st. |                                                       |                | Fjárhæð (þkr.) |
|------|-----------|-------------------------------------------------------|----------------|----------------|
| ÖNN  | 09205     | Ófyrirséð (ÖNN)                                       | Frá            | -51.969        |
| VEL  | F4120     | Ás styrktarfélag - vegna kjarasamningsb. launahækkana | Til            | 51.969         |
|      |           |                                                       | <b>Samtals</b> | <b>0</b>       |

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

#### ***Greinargerð:***

Vísað er í samning Reykjavíkurborgar við Ás styrktarfélag frá 21. desember 2015, gr. 4.3, með síðari viðaukum. Samningurinn gerir ráð fyrir að hann sé að 85% hluta bundinn launavísitölu og að 15% hluta bundinn vísitölu neysluverðs. Áhrif kjarasamningsbundinna launahækkana Reykjavíkurborgar á samninginn við Ás umfram verðlagshækkanir nema um 12.790 þkr. og áhrif launaþróunartryggingar nemur um 8.550 þkr. Auk þess er gerð leiðrétting á viðbótarkostnaði vegna launaáhrifa sem reiknaðar voru við frágang ramma 2018 að fjárhæð 30.628 þkr, þar sem hlutfall launavísitölu og verðlagsvísitölu hafði snúist við. Samtals nema kostnaðaráhrifin 51.969 þkr.

#### **2. TUFF tilraunaverkefni í Breiðholti (VEL)**

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs (VEL) verði hækkaðar um 3.200 þkr. vegna samnings um samstarf við alþjóðlegu góðgerðarsamtökin TUFF (The Unity of Faiths Foundation). Kostnaðaraukinn verður fjármagnaður af kostnaðarstað 09205, Ófyrirséð og færirst á kostnaðarstað R3400 og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2017.

| Svið | Kostn.st. |                                          |                | Fjárhæð (þkr.) |
|------|-----------|------------------------------------------|----------------|----------------|
| ÖNN  | 09205     | Ófyrirséð (ÖNN)                          | Frá            | -3.200         |
| VEL  | R3400     | TUFF tilraunaverkefni í Breiðholti (VEL) | Til            | 3.200          |
|      |           |                                          | <b>Samtals</b> | <b>0</b>       |

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

#### Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs þann 30. nóvember 2017 um að ráðstafa 5 mkr. til verkefnisins, sbr. mál R17110131. Hverfisstjóra Breiðholts var falið að halda utanum verkefnið fyrir hönd Reykjavíkurborgar, en gert er ráð fyrir að um 1,8 mkr hafi verið ráðstafað í verkefnið á árinu 2017, en 3,2 mkr komi til útgjalda árið 2018.

### 3. Rekstrarútgjöld vegna íbúðarkaupar fyrir skjólstæðinga Félagsbústaða (VEL)

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs (VEL) hækki um 59.064 þkr. vegna rekstrar á íbúðarhúsnæði fyrir skjólstæðinga Félagsbústaða. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og færist á kostn.st. 01292 á velferðarsviði. Breytingin felur jafnframt í sér að leigutekjur Eignasjóðs hækka um 82.823 þkr og útgjöld sjóðsins um sömu fjárhæð vegna afskrifta, viðhalds, umsýslu og fjármagnskostnaðar.

| Svið | Kostn.st. |                                          |                | Fjárhæð (þkr.) |
|------|-----------|------------------------------------------|----------------|----------------|
| ÖNN  | 09205     | Ófyrirséð (ÖNN)                          | Frá            | -59.064        |
| ES   | 1507      | Innri leiga - tekjur SEA                 | Til            | -82.823        |
| ES   | xxxxx     | Viðbótar - rekstrarútgjöld               | Til            | 82.823         |
| VEL  | 01292     | Innri leiga - útgjöld VEL                | Til            | 82.823         |
| VEL  | 01292     | Leigutekjur VEL frá Félagsbústöðum       | Til            | -33.876        |
| VEL  | 01292     | Önnur rekstrarútgjöld VEL vegna eignanna | Til            | 10.117         |
|      |           |                                          | <b>Samtals</b> | <b>0</b>       |

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

#### Greinargerð:

Vísað er til kaupar Eignasjóðs Reykjavíkurborgar á íbúðum á árinu 2017, samtals um 70 íbúðir sem tekin var ákvörðun um að kaupa og leigja til velferðarsviðs, sem endurleigir þær síðan til Félagsbústaða. Viðbótarútgjöld Reykjavíkurborgar nemur 59.064 þkr á tímabilinu janúar til júní, sem skýrist af því að leiga velferðarsviðs til Eignasjóðs er hærri en sú leiga sem skjólstæðingar Félagsbústaða greiða, auk útgjalda sem falla á sviðið vegna rekstrar.

### 4. Sveigjanleiki frá barni til fullorðins (VEL)

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs (VEL) hækki um 3.870 þkr. vegna tilraunaverkefnisins sveigjanleiki í þjónustu - frá barni til fullorðins. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og færist á kostn.st. F4420 á velferðarsviði.

| Svið | Kostn.st. |                                                         |                | Fjárhæð (þkr.) |
|------|-----------|---------------------------------------------------------|----------------|----------------|
| ÖNN  | 09205     | Ófyrirséð (ÖNN)                                         | Frá            | -3.870         |
| VEL  | F4420     | Sveigjanleiki í þjónustu frá barni til fullorðins (VEL) | Til            | 3.870          |
|      |           |                                                         | <b>Samtals</b> | <b>0</b>       |

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

*Greinargerð:*

Við er í mál R17020044 um að sett verði á fót tilraunaverkefnið „sveigjanleiki í þjónustu – frá barni til fullorðins“. Verkefnið var samþykkt á 5442 fundi borgarráðs þann 9. febrúar 2017, liður 26. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna verkefnisins verði á ársgrundvelli um 200 mkr þegar það er komið að fullu til framkvæmda. Þegar hafa verið fjármagnaðir þrír samningar og nemur áætlun vegna þeirra 96 mkr. Einn af samningunum hefur verið endurnýjaður og nemur kostnaðarauki vegna hans 1.056 þkr á þessu ári eða 1.584 þkr á ársgrundvelli. Öðrum samningi hefur verið breytt í sólarhringssamning sem felur í sér kostnaðarauka um 2.813 þkr. eða 4.220 á ársgrundvelli. Samtals nemur kostnaðarauki 3.870 þkr á þessu ári eða 5.804 þkr á ársgrundvelli.

**5. Kjarasamningsbundnar launahækkanir vegna samnings Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs (SFS) hækki um 555.955 þkr. og velferðarsviðs (VEL) hækki um 477 þkr. vegna kostnaðaráhrifa af kjarasamningi Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga eða samtals um 556.432 þkr. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður og færist á viðeigandi undirstofnanir sviðanna.

| Svið | Kostn.st. |                                     |         | Fjárhæð (þkr.) |
|------|-----------|-------------------------------------|---------|----------------|
| ÖNN  | 09126     | Launa- og starfsmannakostnaður      | Frá     | -556.432       |
| SFS  | xxxxx     | Grunnskólar Reykjavíkurborgar (SFS) | Til     | 555.955        |
| VEL  | F1825     | Velferðarsvið (VEL)                 | Til     | 477            |
|      |           |                                     | Samtals | 0              |

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

*Greinargerð:*

Við er til kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennara sambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara sem skrifað var undir 25. maí 2018 og samþykktur var af félagsmönnum þann 5. júní 2018. Samningstími er frá 1. desember 2017 til 30. júní 2019.

**6. Kjarasamningsbundnar launahækkanir vegna samnings Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT) og Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs (SFS) hækki um 4.500 þkr. vegna kostnaðaráhrifa af kjarasamningi Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður og færist á viðeigandi undirstofnanir sviðsins.

| Svið | Kostn.st. |                                     |         | Fjárhæð (þkr.) |
|------|-----------|-------------------------------------|---------|----------------|
| ÖNN  | 09126     | Launa- og starfsmannakostnaður      | Frá     | -4.500         |
| SFS  | xxxxx     | Skólahljómsveitir Reykjavíkur (SFS) | Til     | 4.500          |
|      |           |                                     | Samtals | 0              |

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

*Greinargerð:*

Við er til kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennara sambands Íslands vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum sem samþykktur var af félagsmönnum þann 30. maí 2018. Samningstími er frá 1. apríl 2018 til 31. mars 2019.

## 7. Kjarasamningsbundnar launahækkarnir vegna samnings Félags íslenskra hljómlistarmanna og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs (SFS) hækki um 6.015 þkr. vegna afleiddra kostnaðaráhrifa af kjarasamningi Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum og Sambands íslenskra sveitarfélaga á samninginn við Félag íslenskra hljómlistarmanna. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður og færist á viðeigandi undirstofnanir sviðsins.

| Svið | Kostn.st. |                                     |         | Fjárhæð (þkr.) |
|------|-----------|-------------------------------------|---------|----------------|
| ÖNN  | 09126     | Launa- og starfsmannakostnaður      | Frá     | -6.015         |
| SFS  | xxxxx     | Skólahljómsveitir Reykjavíkur (SFS) | Til     | 6.015          |
|      |           |                                     | Samtals | 0              |

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

### Greinargerð:

Við er til kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennara sambands Íslands vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum sem samþykktur var þann 30. maí 2018 og ákvæðis í samningi við Félag íslenskra hljómlistarmanna um leiðréttingar á launasetningu til samræmis.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir  
e.u.